

Aðeins þrjár sýningar

28. mars

5. apríl

12. apríl



SKJALDMEYJAR HAFSINS

Nýtt sannsögulegt leikverk um líf eiginkvenna sjómanna



Skjaldmeyjar hafsins er hjartnæmt beinheimildaverk sem veitir innsýn í líf eiginkvenna sjómanna.

Sjómennska hefur verið samofin íslensku samfélagi frá alda öðli. Fáar stéttir lenda í þeim háska og áskorunum sem sjómenn standa frammi fyrir í starfi sínu. Starfi sem krefst æði mikils af þeim, jafnvel lífs þeirra. Af því eru til margar sögur. Hins vegar fer minna fyrir sögum um eiginkonur þeirra; konurnar sem ganga í gegnum óttann, óvissuna og örlögin með þeim á einn eða annan hátt. Konurnar sem sjá um heimili, börn og buru á meðan þeir eru í löngum túrum. Þær sem bíða milli vonar og ótta í öllum veðrum og eru jafnvel sjálfar að takast á við sína eigin erfiðleika um leið og þær eru stoð og stytta sjómannsins, fjölskyldunnar og heimilisins.

Hérna eru þeirra sögur.

Handrit verksins er unnið orðrétt upp úr frásögnum sjómannskvenna á norður- og austurlandi. Viðtöl við 10 sjómannskonur á aldrinum 25-95 ára voru notuð til að skapa þrjár heildstæðar persónur sem við kynnumst í verkinu. Við skyggnumst inn í líf kvennanna, kynnumst þeirra sýn á lífið og hvernig þær takast á við þær margvíslegu hliðar hins daglega lífs þegar mennirnir eru úti á sjó og þær eru í landi. Þrátt fyrir að eiga svo margt sameiginlegt, hafa þær mismunandi sögur að segja og líta mjög ólíkum augum á sitt hlutskipti í lífinu.

Við kynnumst ótta og áhyggjum,
tilhlökkun og rómantik,
sorg og erfiðleikum.





LISTRÆNIR STJÓRNENDUR OG TEYMIÐ:

Höfundur og leikstjóri | **Jenný Lára Arnórsdóttir**

Hljóðmynd | **Ármann Einarsson**

Útsetning lags | **Ármann Einarsson og Vala Fannell**

Ljósa- myndbandshönnun | **Arnpór Þórsteinsson**

Leikmynd og búningar | **Sara Hjördís Blöndal**

Framleiðsla og sýningarstjórn | **Arna Kristín Sigfúsdóttir**

Hljóð- og ljósastjórn | **Ólafur Göran Ólafsson Gros**

Aðstoð við leikmynd | **Einar Rúnarsson og Ármann Einarsson**

Ljósmyndun | **Auðunn Níelsson**

Grafísk hönnun | **Cave Canem hönnunarstofa**

LEIKKONUR:

Margrét | **Vala Fannell**

Hafrún | **Katrín Mist Haraldsdóttir**

Sædís | **Jónína Björt Gunnarsdóttir**







JÓNÍNA BJÖRT

Jónína Björt Gunnarsdóttir er söng- og leikkona búsett á Akureyri. Hún útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands vorið 2014 í klassískum söng. 2016 útskrifaðist hún svo frá söngleikjadeild í New York Film Academy. Jónína hefur tekið þátt í fjölda tónleika og leikverka, s.s. Chess, Carousel, Rocky Horror Picture Show, nýrri óperu - #Bergmálsklef-inn, LA perlum og Velkomin heim-tónleikarröð í Hörpu á vegum FÍH og FÍT. Ásamt því hefur hún staðið að mörgum tónleikum eins og t.d. Vetrar- og Sumarkvöld, Dívur tribute tónleikar, Tímaflak um Söngleikjaheiminn og fleira.



ÁRMANN

Ármann Einarsson er sjálfstæður tónlistarmaður og dansari. Um þessar mundir er hann að ferðast með verkið Dansaðu fyrir mig, sem hann vann með tengadóttur sinni, Brogan, og syni sínum, Péttri. Sýningin hefur gengið í rúm fimm ár. Sem tónlistarmaður hefur hann haldið námskeið á allskonar hljóðfæri og í söng. Hann vinnur einnig sem tónlistarmaður, ferðast og spilar á bassa, gítar, píanó, harmonikku, klarinett, saxófón og fleira. Hann rekur sitt eigið stúdíó og hefur samið tónlist fyrir margar stuttmyndir. Ármann hefur einnig smakkað aðeins á leikstjórastarfinu með því að setja upp söngleiki með unglingum, svo sem Annie, Litla hryllingsbúðin og Lína langsokkur.

SARA HJÖRDÍS

Sara Hjördís Blöndal er leikmynda og búninga-hönnuður og útskrifaðist með BA gráðu frá Leikhúshönnunardeild Wimbledon College of Art árið 2015. Hún hefur hannað ýmis verkefni síðan þá, þar má nefna Macbeth of Fire and Ice í Arcola Theatre London, þrjú leikverk sem sýnd voru á Edinborgarhátiðinni 2015 og stuttmyndina Engir Draugar. Meðfram því að hanna leikmynd og búninga í Skjaldmeyjum Hafsins hannar Sara sýningarumgjörð nýrrar grunnsýningar á Byggðasafninu í Görðum á Akranesi og tók nýverið við sem sýningarstjóri sömu grunnsýningar. Þá má einnig geta þess að Sara sá ásamt móður sinni Margræti Blöndal og fleirum, um að setja upp rauðu hjartalaga umferðaljósinn á Akureyri.



JENNÝ LÁRA

Jenný Lára Arnórsdóttir útskrifaðist sem leikari og leikstjóri frá The Kogan Academy of Dramatic Arts í London árið 2012. Hún hefur leikstýrt þó nokkrum verkum, bæði hjá sjálfstæðum leikhópum sem og áhugaleikhópum. Hún er meðlimur í leikhópnum Umskiptingar, sem er atvinnuleikhópur sem starfar á norðurlandi en hún sá um framleiðsluna á fyrsta verki þeirra Framhjá rauða húsinu og niður stigann. Einnig leikstýrði hún og framleiddi gamanóperuna Piparjúnkan og þjófurinn sem sýnd var í Samkomuhúsinu á Akureyrarvöku 2017. Hún var svo verkefnastjóri Listasumars og Akureyrarvöku sumarið 2018. Jenný Lára hefur unnið mikið með Verbatim-formið, nú síðast í leikverkinu Elsku - ástarsögur Norðlendinga sem sýnt var sem gestasýning hjá Leikfélagi Akureyrar í nóvember 2016, og hefur nú unnið Skjaldmeyjar hafsins eftir sömu aðferð.




ARNA KRISTÍN



Arna Kristín Sigfúsdóttir er um þessar mundir að ljúka MA gráðu í Menningu og miðlun frá University of Southern Denmark í Óðinsvé. Hún hefur haft mikinn áhuga á leiklist og menningarstarfi frá unga aldri og tekið þátt í þremur leikverkum hjá Ungmennafélaginu Eflingu í Reykjadal. Arna hefur búið í Danmörku undanfarin 6 ár við nám og vinnu en er nú að snúa aftur á heimaslóðir. Haustið 2018 var Arna starfsnemi hjá Menningarfélagi Akureyrar, þar sem hún var m.a. einn af verkefnastjórum Lýsu - rokkhátíð samtalsins.

Arna hefur setið í stjórnnum félaga og nemendafélaga á námsferli sínum og skipulagt menningarviðburði og aðrar uppákomur. Hún er nú að þreifa fyrir sér innan menningargeirans á norðurlandi og er Skjaldmeyjar hafsins fyrsta leikverkið sem hún framleiðir.

VALA FANNELL



Vala Fannell byrjaði að leika á barnsaldri og útskrifaðist síðan sem bæði leikari og leikstjóri frá The Kogan Academy of Dramatic Arts í London árið 2014. Í framhaldi af því setti hún upp fyrirtækið StepbyStep Productions og framleiddi, leikstýrði og lék í sýningum undir því í London ásamt öðru. Umboðsmaður hennar þar í borg er Marcus&McCrimmon.

Af hlutverkum sem hún hefur tekið að sér má nefna Maggie í Köttur á heitu blikkþakki, Kelly í Not the End of the World hjá Theatre 503, Masha í Þrjár Systur, Meg í Crimes of the Heart, Joanne Jefferson í Rent og Berta í Halló frá Bertu. Vala hefur einnig leikið í ýmsum stuttmyndum og aðeins reynt fyrir sér í talsetningu fyrir bæði myndir, hljóðbækur og tölvuleiki.

Þessa stundina er Vala búsett á Akureyri og starfar sem leiklistarkennari hjá Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar þar sem hún sér um tvö elstu stig skólans.

KATRÍN MIST



Katrín Mist Haraldsdóttir útskrifaðist sem leikari frá Circle in the Square Theater School í New York vorið 2013. Frá útskrift hefur hún að mestu starfað við dans- og hreyfihönnun í leikhúsi ásamt því að reka Danstúdíó Alice. Katrín Mist sá meðal annars um dans- og sviðshreyfingar í verkunum Núnó og Júnía, Krunk krunk og dirrendí og Píla Pína hjá MAK sem hún hlaut tilnefningu til Grímunnar fyrir árið 2016. Hún var einnig aðstoðardanshöfundur í Kabarett hjá MAK í haust og var danshöfundur og aðstoðarleikstjóri á sýningunni Gallsteinar Afa Gissa.

Katrín Mist hefur einnig starfað sem söngkona inná milli og komið fram meðal annars á tónleikunum Sumarkvöld og Vetrarkvöld.

Þó hún hafi að mestu leiti starfað við dansinn undanfarin ár á hún, þó nokkur verkefni á bakinu sem leikkona og má þá meðal annars nefna Rocky Horror, DATE, Punk Rock, Enchanted April og The Jungle of cities.

ARNÞÓR



Arnþór Þórsteinsson útskrifaðist frá Kvikmyndaskóla Íslands árið 2010. Síðan þá hefur hann verið viðloðinn leikhús víða um landið, og m.a. starfað sem sýningarstjóri, tæknimaður, ljósaönnuður og leikari í mörgum verkefnum. Strax eftir útskrift hóf hann störf í Tjarnarbió og vann þar sem tæknimaður hjá sjálfstæðum leikhópum. Í framhaldi af því var hann ráðinn sviðs- og tæknistjóri í Tjarnarbió til tveggja ára. Hann hefur hannað ljós í leikverkum eins og Lokaæfing, Eldbarnið, Nazanin og Hans Blær.



A woman in a brown cardigan and patterned top stands on the left wooden platform, smiling and holding a glass.

A woman in a grey patterned dress stands behind a table with a white tablecloth in the center, holding a glass and pointing towards the right.

A woman in a grey t-shirt and blue pants is kneeling on the right wooden platform, looking towards the other women.

A wooden cabinet with two doors is located on the left side of the stage.

A table with a white tablecloth is set in the center of the stage with a glass and some items on it.

A wire basket containing various items, including what appears to be a toy, sits on the right wooden platform.

A pink stuffed toy is lying on the right wooden platform in the foreground.

SÉRSTAKAR ÞAKKIR

Börkur hf.

Norðursigling Húsavík

Byko

Hertex Akureyri

Centro

Víðir Benediktsson

Jóhann Pétur Aðalsteinsson

Laufey Hulda Jónsdóttir

Elín Björg Ingólfssdóttir

Soffía Margrét Hafþórsdóttir

Marta Nordal

Starfsfólk Menningarfélags Akureyrar

Ljótur Mikael

Allar þær konur sem voru tilbúnar að deila lífi sínu með okkur.





MOZART REQUIEM

& PÍANÓKONSERT nr.20 Í d-moll, K.466
Mozart Requiem, K.626

18. apríl

Hof, Akureyri

19. apríl

Langholtskirkju

Einleikari: Alexander Edelstein

Hljómsveitarstjóri: Anna-María Helsing

Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson, Helena Guðlaug Bjarnadóttir,

Hanna Dóra Sturludóttir og Garðar Thor Cortes

Söngsveitin Fílharmónía

Kammerkór Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands